Tillaga Viðreisnar í Kópavogi til Menntaráðs

Fulltrúar Viðreisnar í Kópavogi leggja til að menntaráð Kópavogsbæjar skori á mennta- og barnamálaráðherra að fresta innleiðingu nýs námsmatskvarða þannig að hann verði ekki lagður til grundvallar lokamati nemenda í 10. bekk vorið 2027.

Endanleg útfærsla á námsmatskvarða liggur ekki fyrir og er það ófaglegt að ráðast í svo viðamiklar breytingar þegar enn ríkir óvissa um útfærslu. Markmiðið með nýjum námsmatskvarða var að gera matskvarðann samræmdari og stuðla þannig að auknu jafnræði í einkunnagjöf á milli skóla. Þegar endanleg útfærsla liggur ekki fyrir er hætta á að óvissan leiði til misræmis í einkunnagjöf, þvert á markmið breytinganna. Slíkt misræmi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá nemendur sem útskrifast úr grunnskóla nú í vor, enda er hætta á að þeir sitji ekki við sama borð þegar kemur að lokamati og inngöngu í framhaldsskóla.

Tillagan um áskorun þessa snýst fyrst og fremst um að tryggja hagsmuni nemenda í grunnskólum Kópavogs og að námsmat þeirra byggist á skýrum, samræmdum og faglegum forsendum.

Ásamt tillögunni leggjum við fram drög að áskorun.

Fulltrúar Viðreisnar í Kópavogi
Bryndís Rut Logadóttir
María Ellen Steingrímsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026